

Alþingi
Erindi nr. P 141/1008
komudagur 12.12.2012



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2012

Efni: Umsögn Örorkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, þingskjal 637. – 495. mál.

Örorkjabandalag Íslands (ÖBÍ) lýsir ánægju sinni með að frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar og heimilisuppbótar sé framlengt. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða, sem var sett inn til bráðabirgða þann 1. júlí 2008 og hefur verið framlengt árlega síðan.

Frítekjumark á atvinnutekjur nýtist ekki öryrkjum með lægstu tekjurnar

Frítekjumark á atvinnutekjur hvetur öryrkja, sem hafa einhverja vinnufærni, til atvinnuþátttöku í því skyni að auka virkni sína og bæta kjör sín. Mikilvægt í þessu samhengi er að hafa í huga að uppbótarflokkurinn sérstök uppbót til framfærslu er án frítekjumarks. Að auki skerða atvinnutekjur uppbótarflokkinn krónu á móti krónu eins og aðrar skattskyldar tekjur. Bent er á í þessu samhengi að lífeyrisþegar, sem fá þennan uppbótarflokk, eru þeir sem lægst hafa tekjurnar.

Lífeyrisþegar með lágar aðrar tekjur geta ekki nýtt sér frítekjumörkin, þar sem sérstaka framfærsluþbótin yfirtekur þau. Í töflu 1. er dæmi af örorkulífeyrisþega með 35.000 kr. atvinnutekjur á mánuði (fyrir skatt). Af dæminu má sjá að viðkomandi er með 816 kr. hærri ráðstöfunartekjur með atvinnutekjur en án þeirra. Atvinnutekjurnar skerða framfærsluþbótina krónu á móti krónu og frítekjumark vegna atvinnutekna nýtist ekki þeim sem hafa lægst tekjurnar.

Tafla 1. Örorkulífeyrisþegi* með 35.000 kr. atvinnutekjur á mánuði fyrir skatt.

	Tekjur frá TR með 35.000 kr. atvinnutekjur**	Atvinnutekjur að frádegnum greiðslum í lífeyrissjóð (1.400 kr.)	Heildartekjur – með 35.000 kr. atvinnutekjur	Til samanburðar : Tekjur frá TR án atvinnutekna
Fyrir skatt	142.648	33.600	176.248	174.946
Staðgreiðsla	6.733	12.546	19.279	18.793
Til ráðstöfunar	135.915	21.054	156.969	156.153

*Fyrsta örorkumat 40 ára – býr með öðrum fullorðnum. Útreikningar skv. reiknvei TR fyrir lífeyri.

** 4% iðgjald til lífeyrissjóðs er dregið frá atvinnutekjum. 35.000 kr. er fyrir frádrátt iðgjalds.

Við stöndum fyrir réttlæti – Ekkert um okkur án okkar!

ÖRORKJABANDALAG ÍSLANDS • Hátúni 10 • 105 Reykjavík • Sími 530 6700 • Fax 530 6701 • Heimasiða www.obi.is • Netfang obi@obi.is



Því er við að bæta að iðulega hefur einstaklingur einnig einhvern kostnað af atvinnuþátttöku, svo sem að komast í og úr vinnu og þjálfun. Hvatinn til atvinnuþátttöku er því lítill sem enginn fyrir þennan hóp.

Frítekjumörk hafa ekki hækkað frá 2009

ÖBÍ bendir á að frítekjumark vegna atvinnutekna ætti að fylgja launapróun eða verðlagspróun skv. 69. gr laga um almannatryggingar. Á meðan frítekjumarkið stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, þá skila launahækkanir sér sem skyldi til örorkulífeyrisþega sem fá greiðslur úr almannatryggingakerfinu. Jafnframt er mikilvægt að setja inn í löginn ákvæði sem kveður á um hvernig frítekjumarkið eigi að hækka reglulega.

Bráðabirgðaákvæði verði lögfest

Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar er frítekjumark vegna atvinnutekna öryrkja 300.000 kr. ári eða 25.000 kr. á mánuði. ÖBÍ telur mikilvægt að upphæð frítekjumarks vegna atvinnutekna öryrkja í lögnum sjálfum sé hækkað verulega, sbr. bráðabirgðaákvæðið og fylgi síðan launa- eða verðlagspróun. Þá þyrfti ekki að setja inn ákvæðið til bráðabirgða á hverju ári. Slíkt ákvæði væri síðan hægt að taka til endurskoðunar ef gera á verulegar breytingar á almannatryggingum eða taka upp nýtt kerfi.

Virðingarfyllst

f.h. Öryrkjabandalags Íslands

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Guðmundur Magnússon', written over a horizontal line.

Guðmundur Magnússon

formaður ÖBÍ